

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

35. árgangur

2013



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2013
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Sumarnámskeið Vífils í 25. sinn



VIÐBURÐADAGATAL ARION BANKA

Við hjá Arion banka bjóðum fjölbreytt úrval af námskeiðum, fyrirlesturum, fræðslufundum og ráðstefnum þér að kostnaðarlausu.

Þú finnur nánari upplýsingar og skráningu á viðburði á arionbanki.is/vidburdardagatal

Hlökkum til að sjá þig.



Þrítugasti og fimmti árgangur

Það er okkur mikill heiður að færa ykkur Fermingarblað Vífils í þrítugasta og fimmta skiptið. Blaðið hefur nú komið út ár hvert síðan 1979 og kynnum við starf félagsins. Einnig birtum við lista yfir öll fermingarborn í Garðabæ, þau sem fermast í Garða- og Bessastaðaskókn.

Annasamt sumar

Síðasta sumar var mikið um að vera hjá okkur skátunum í Vífli. Þar ber helst að nefna Landsmót skáta 2012 á Úlfjótuvatni en þá fögnuðu íslenskir skátar 100 ára starfsafmæli sínu. Drekaskátarnir fóru á Drekaskátamót, Fálkarnir á Landnemamót í Viðey og Rekka- og Róverskátar Vífils héldu til Vestmannaeyja.

Sumarnámskeið Vífils

Sumarið 2013 verða sumarnámskeið Vífils í boði eins og undanfarin tuttugu og fjögur sumar. Valið stendur á milli Grallara-, útilífs- og ævintýranámskeiða. Einnig verður Smíðavöllurinn á sínum stað. Vonumst við til þess að börn og ungmenni Garðabæjar sækji námskeiðin af sama áhuga og áður og eru nýir þátttakendur ávallt velkomnir!

Hátíðahöld

Vífill hefur árum saman staðið fyrir hátíðahöldum í Garðabæ og að sjálfsögðu verða Sumardagurinn fyrsti og 17. júní haldnir hátíðlegir í ár í umsjón Vífils.

Samstarf Vífils og Svana

Í kjölfar sameiningar Garðabæjar og Álftaness var haldinn sameiginlegur stjórnarfundur Skátafélaganna tveggja, Vífils og Svana. Þar var meðal annars rætt hvernig efla mætti enn frekar samstarf sem hefur verið náið og öflugt undanfarin ár.

Heimasíðan og samkomusalur Vífils

Heimasíða Vífils, www.vifill.is er á sínum stað og minnum við áhugasama jafnt og foreldra að vera duglega við að líta þangað inn þar sem fréttir af krökkunum koma inn reglulega. Samkomusalurinn er áfram leigður út við ýmisleg tilefni og hægt er að kynna sér það nánar á heimasíðunni.

*Með skátakveðju,
Brynjar Smári Alfreðsson
Daniel Grétarsson*



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður:
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Ritstjórn:
Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson

Greinarhöfundar:
Hjálmar Örn Hinz
Hildur Hafsteinsdóttir
Gréta Björg Unnarsdóttir
Ólafur Patrick Ólafsson
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Myndir
Myndir úr myndasafni Vífils
og ritstjórnar

Setning og umbrot
Sverrir Salberg Magnússon

Skátafélagið Vífill
Jötunheimar
Bæjarbraut 7

Veffang: vifill.is
Sími: 5658820 og 5658989
Netfang: vifill@vifill.is



Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta enda sterk hefð um hátíðarhöldin í Garðabæ. Þau hafa ávallt verið í umsjá Vífils. Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 46 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13.00 og skátaguðspjónustu í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins. Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi. Skróðganga hefst eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða um klukkan 14.00. Gengið verður frá Vídalínskirkju niður Hofstaðabraut eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar. Skátáforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skróðgöngunni og Blásarasveitin um göngutakt og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofstaðaskóla.

Við Hofstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá og ættu allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar t.d. leiktæki söng og skemmtiatriði. Í samkomusal Hofstaðaskóla verður hið viðfræga skátatertuhlaðborð. Þar koma fjölskyldur úr bænum saman og fagna sumarkomunni og styrkja um leið skátastarfið og allir fara allir saddir og ánægðir heim að því loknu.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð. Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðahöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



Starfsemi Rekkaskátasveitarinnar

Islandus árið 2012 var með venjubundnu sniði. Fundir voru haldnir reglulega en á vorönn 2012 bar m.a. hæst Klifurhúsið hið árlega Pálinuboð og síðast en ekki sízt köfunarkynning hjá Scuba Iceland ásamt rekkaskátasveitinni Dímon frá Skátafélaginu Svönum á Álftanesi. Félagsútilega Vífils var haldin á Úlfjótuvatni í apríl en þar skipulögðu rekkaskátar og höfðu umsjón með nokkrum dagskrárlíðum. Félagar í sveitinni unnu jafnt og þétt að Forsetamerkinu með ýmsum verkefnum en margir þeirra starfa auk þess sem foringjar yngri skátasveita. Hjálparveit skáta í Garðabæ (HSG) sá um framboð á nokkrum dagskrárlíðum en ætlunin er að HSG bjóði upp á eins konar ungliðastarf gegnum Vífil.

Árshátíð sveitarinnar

Í lok vorannar var árshátíð sveitarinnar haldin í skála félagsins Vífilsbúð en þema hátíðarinnar í ár var Hawaii. Skálinn var skreyttur í hitabeltisstíl, snæddur var góður matur að hætti innfæddra og drukknir dæmigerðir litríkir ávaxta- og mjólkurdrykkir með litlum regnhlífum í glösunum. Heiðursgestur hátíðarinnar í ár var Hafdis Bára Kristmundsdóttir félagsforingi.

Hápunktur sumarsins

Sumarstarf hefur verið nokkuð hjá sveitinni undanfarin ár þótt ekki sé það eins formfast og vetrarstarfið og var sumarið 2012 engin undantekning. Nokkrir félagar fóru á hið árlega dróttskátamót Landnema í Viðey sem fararstjórar og hjálparhellur. Margir unnu á sumar- námskeiðum Vífils og hjá Útilífsmiðstöð skáta á Úlfjótuvatni. Vart þarf að taka fram að hápunktur sumarsins var Landsmót skáta á Úlfjótuvatni í júlí en félagar tóku



þar að sér ýmis verkefni fyrir félagið sem og mótið sjálft. Í lok sumars var loks ráðizt í ferð sveitarinnar til Vestmannaeyja en hún hafði einungis verið á döfni í þrjú ár. Með í ferðinni voru elztu dróttskátar félagsins en með því var ætlunin að kynna þá fyrir sveitinni og bjóða þá velkomna í rekkaskátastarfið.

Forsetamerkið

Hvorki fleiri né færri en 12 nýir félagar bættust við sveitina í byrjun haustannar og nýr sveitarforingi Bergþóra Ólöf Björnsdóttir bættist í hópinn. Sjö rekkaskátar veittu Forsetamerkinu viðtöku við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í september en næstu árgangar héldu áfram vinnu sinni í átt að því markmiði. Að öðru leyti var starfsemi haustannar skv. venju. Víglu

útilegur urðu nokkrar þetta árið enda erfitt um vik að finna tíma sem hentar öllum í svona stórum hópi. Vikulegir fundir og samstarf við HSG hélt áfram með ýmsum ferðum og námskeiðum. Önnur félagsútilega Vífils á árinu var haldin í Bláfjöllum í október. Rekkaskátar gátu þar einbeitt sér að skáta- og foringjastörfum enda höfðu róverskátar veg og vanda af dagskránni. Af ofangreindu má ljóst vera að árið 2012 var nokkuð viðburðarríkt hjá rekkaskátum og standa vonir til að 2013 verði ekki síðra.

Ólafur Patrick Ólafsson



Sigurður Lögg. fasteignasali 898 6106
Hafdis Sölustjóri 895 6107
Árni Lögg. fasteignasali 893 4416
Dórothea Sölufulltrúi 898 3326
Sigurbjörn Sölufulltrúi 867 3707
Jóhanna Lögg. fasteignasali 698 7695
Þorsteinn Sölufulltrúi 694 4700
Berglind Lögg. fasteignasali 694 4000
Bjarni Sölufulltrúi 895 9120



Þóra Lögg. fasteignasali 822 2225
Óskar Sölufulltrúi 893 2499
Sigríður Sölufulltrúi 699 4610
Steinar Sölufulltrúi 661 2400
Edda Sölufulltrúi 660 0700
Andrés Sölufulltrúi 692 6936
Halla Lögg. fasteignasali 659 4044
Garðar Sölufulltrúi 899 8811

FASTEIGNASALAN
TORG

Fasteignasala **TORG**
Garðatorgi 5
210 Garðabær
Sími 520 9595
www.fastorg.is

**KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR**



Drekaskátasveitina Furðufugla skipa yngstu skátarnir í Vífli. Þeir eru á aldrinum sjö til níu ára. Þeir funda vikulega og eru fundirnir einn og hálfur tími í senn. Viðfangsefni fundanna eru margbreytileg en dagskráin er að hluta til unnin af sveitarmeðlimum. Haldnir eru svokallaðir lýðræðisleikir í upphafi hvers dagskrárhrings, en hann spannar yfirleitt einn mánuð. Þar er krökkunum gefinn kostur á því að velja hvað þau vilja gera á skemmtilegan og skapandi hátt. Á fundum í vetur höfum við meðal annars farið að klifra og síga í klettum, lært örfáa hnúta, farið í ratleiki og eldað úti svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir krakkar úr sveitinni tóku einnig þátt í félagsútilegu Vífils á Úlfjótuvatni. Í þeim er alltaf mikið stuð,

enda tveggja náttu dvöl í skála úti á landi. Dagskráin var margbreytileg og skemmtu allir skátarnir sér vel. Það er löngu orðin hefð að drekaskátar úr Vífli fari á drekaskátamót á Úlfjótuvatni til að ljúka vetrarstarfinu. Þangað fórum við síðasta ár og stefnum á að gera slíkt hið sama í byrjun sumars. Mótið er haldið á Úlfjótuvatni og er þá gíst eina nótt í tjaldi, ásamt því að krakkarnir taka þátt í skemmtilegri dagskrá í bland við skemmtilegt þema.

Segja má að drekaskátastarfið sé mjög skemmtilegur vettvangur fyrir alla krakka sem langar að prófa nýja hluti, kynnast nýjum vinum og upplifa ævintýri, stór sem smá.

*Brynjar Smári
og Daníel*



Stjórn Vífils

Félagsforingi

Hafðís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarfélagsforingi

Hildur Hafsteinsdóttir

Ritari

Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir

Gjaldkeri

Guðbjörg Þórðardóttir

Meðstjórnendur

Jóhann S. Erlendsson
Hjálmar Örn Hinz
Unnsteinn Jóhannsson


Starfsmaður

Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir

Glæsilegur salur í hjarta bæjarins

Salurinn á efri hæð Jötunheima er leigður út fyrir t.d. fermingar- og skírnarveislur, vinnu- og fræðslufundi. Þar eru sæti fyrir allt að 100 manns og er salurinn vel tækjum búinn skjávarpi, sýningartjald og hljóðkerfi. Eldhúsið er einnig ágætlega búið til þess að reiða fram veitingar. Allur borðbúnaður og stór og góð uppbyggð vél. Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefsíðu félagsins www.vifill.is á skrifstofunni eða með því að senda póst á salur@vifill.is





Sjö rekkaskátar úr skátafélaginu Víflil tóku á móti forsetamerkinu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 29. september sl.

Skátarnir eru: Alexandra Rún van Erven, Gréta Björg Unnarsdóttir, Haukur Steinn Helgason, Kristján Andri Gunnarsson, Pálmi Þormóðsson, Salbjörg Sverrisdóttir og Jóhann Malmquist Jokkna úr skátafélaginu Klakki á Akureyri. Jóhann hefur gengið til liðs við Vífil og starfar sem sveitarforingi.

Forsetamerkishafarnir hafa unnið ótulllega að forsetamerkinu undanfarin tvö

ár undir dyggri stjórn foringja sinna, Atla Bachmann og Ólafi Patrick Ólafssyni. Er þeim öllum óskað innilega til hamingju með áfangann.

Rekkaskátar eru á aldrinum 16-18 ára. Þeir vinna að forsetamerkinu í sínu starfi og er sjálft Forsetamerkið táknmynd rekkaskáta. Rekki merkir „maður“ í Hávamálum. Það þykir mjög táknrænt fyrir þennan aldur að þegar einstaklingur verður 18 ára er hann orðinn lögráða og ber því ábyrgð á eigin gjörðum. Eitt af

markmiðum skátastarfs er að þroska einstaklinginn og þess vegna er þetta heiti lýsandi fyrir aldurinn.

Til þess að fá Forsetamerkið þarf að uppfylla það að hafa unnið að lágmarki 40 markmiðum og staðist eitt sérpróf á sviði stjórnunar, ferðamennsku, fyrstu hjálpar eða sérpróf að eigin vali. Öll markmið og sérpróf þarf að skrá í þar til gerða ferilskráningarbók og skila til Bandalags íslenskra skáta.

PIZZAN

Fálkaskátasveitin Forynjur og formenn

Fálkaskátar veturinn 2012 – 2013

Í vetur hafa fálkaskátarnir gert margt skemmtilegt. Við byrjuðum á því að breyta smá til og eru stelpur og strákar saman á fundum og hefur það gengið mjög vel. Það eru 22 starfandi skátar í sveitinni og 8 foringjar. Við höfum farið í marga leiki í vetur eins og capture the flag, varúlfaleikinn, diðnax, eina krónu, sardínuleikinn, 10 mississippi og marga fleiri. Við höfum bæði unnið saman sem einn stór hópur og einnig höfum við skipt krökkunum upp í fjóra minni flokka. Flokkarnir hafa verið duglegir að búa til sína eigin dagskrá í vetur og hafa þurft að finna verkefni sem tengjast einhverju ákveðnu þema sem breytist mánaðarlega. Krakkarnir hafa verið mjög duglegir við að elda úti og eru orðin mjög hæf í að kveikja eld. Þau hafa bakað kökur, hikebrauð, grillað sykarpúða ofl. Flokkarnir hafa unnið



ýmis verkefni eins og að súrra rólu, tálga sleifar, búið til flugdreka, farið í óvissuferð í Ikea, tekið upp stuttmynd, farið í ísferð á hjóli eða í strætó. Strákasveitin ákvað að mála herbergið sitt og má telja endalust upp. Þegar við höfum verið öll saman höfum við búið til hnúta úr leðri, farið í púða-, kotta- og teppavirkiskeppni, skreytt piparkökur. Á síðasta fundi fyrir jól horfðum við saman á jólamynd. Á

öskudaginn var kötturinn sleginn úr tunnunni. Það sem er framundan hjá okkur er að klára að sauma náttbuxur sem hver og einn er að gera fyrir sig. Við stefnum einnig að því að fara saman í sveitarútilegu í lok mars.

Gréta Björg Unnarsdóttir



Fermingar í Bessastaðakirkju árið 2013

Prestur sr. Hans Guðberg Alfreðsson, djákni Margrét Gunnarsdóttir

Bessastaðakirkja

Laugardagur 16. mars kl 13.00.

| | |
|------------------------------|------------------|
| Alex Þór Hauksson | Hólmatúni 10a |
| Aron Logi Sigurpálsson | Vesturtúni 16 |
| Dagný Rósa Vignisdóttir | Hólmatúni 27 |
| Gylfi Karl Heiðarsson | Asparholti 6 |
| Hildigunnur Þórsdóttir Saari | Hliðsnesi 6 |
| Hildur María Ellertsdóttir | Hólmatúni 3a |
| Írena Einarsdóttir | Vesturtúni 9 |
| María Sól Kjartansdóttir | Muruholti 2 |
| Nói Tumas Ólafsson | Eyvindarstöðum |
| Sara Freysdóttir | Tjarnarbrekku 11 |
| Sigrún Ísgerður Jakobsd. | Kirkjubrekku 3 |
| Sigurjón Björn Torfason | Vesturtúni 47a |
| Stefán Óskar Ástgeirsson | Túngötu 24 |
| Örvar Ágústsson | Hólmatúni 18 |

Bessastaðakirkja

Sunnudagur 17. mars kl 13.00.

| | |
|------------------------------|---------------|
| Aníta Ósk B. Kristjánsdóttir | Norðurtúni 25 |
| Atli Dagur Ásmundsson | Túngötu 1 |
| Brynjar Freyr Ragnarsson | Sjávargötu 36 |
| Guðjón I. Ingólfss. Bachmann | Miðskógum 5 |
| Jónína Björk Kristinsdóttir | Hólmatúni 39 |
| Margrét Lóa Björnsdóttir | Fálkastíg 2 |
| Marta Ottósdóttir | Asparholti 1 |
| Rebekka Líf Gunnarsdóttir | Hólmatúni 33 |
| Snædís Halla Einarsdóttir | Norðurtúni 20 |
| Thelma Sif Gunnarsdóttir | Hólmatúni 33 |

Bessastaðakirkja

Laugardagur 23. mars kl 13.00.

| | |
|----------------------------|---------------|
| Ásdís Fanney Markúsdóttir | Asparholti 14 |
| Birta Marín Guðfinnsdóttir | Vesturtúni 45 |
| Bjarnar Logi Ragnarsson | Birkiholti 8 |

Bjarni Geir Eypórsson

Daníel Guðjón Andrason

Elías Kristinn Kristinsson

Guðmundur Ingi Bjarnason

Hanna Raket Th. Barker

Jökull Snær Ásbergsson

Silva Líf Ívarsdóttir Blandon

Sunna Karítas Rúnarsdóttir

Sævar Reynisson

Þórunn Birna Úlfarsdóttir

Hólmatúni 55

Asparholti 13

Hátúni 5a

Vesturtúni 42

Hákotsvör 10

Hátúni 3

Asparholti 1

Blikastíg 10

Hólmatúni 19

Tjarnarbrekku 4

Bessastaðakirkja

Sunnudagur 21. apríl kl 11.00.

Margrét Hörn Jóhannsd.

Nýbýlavegi 26





Hvatapeningar fyrir káta krakka

Öll börn á aldrinum 5-18 ára í Garðabæ fá 27.500 kr. í hvatapeninga á árinu 2013.

- Þeir sem æfa með Stjórnunni geta lækkað greiðsluna um leið og þeir skrá barnið í gegnum skráningarkerfi Stjórnunnar.
- Þeir sem eru í Skátafélaginu Vífli eða sækja námskeið hjá Klifinu geta lækkað kröfuna með því að setja inn upplýsingar af greiðsluseðlinum um leið og þeir nálgast hvatapeningana í Mínum Garðabæ.
- Þeir sem sækja íþrótt- eða æskulýðsstarf annað greiða fullt gjald til félagsins og fá hvatapeninga endurgreidda gegn framvísun kvittunar.

Ítarlegar leiðbeiningar um notkun hvatapeninga eru á vef Garðabæjar, gardabaer.is.



GARÐABÆR

garðabær 2013



HÆGÐU Á

SKÓLASTJÓRNENDUR SVEITARFÉLÖG

Rannsóknir sýna að hraðavaraskilti
lækka umferðarhraða.

Henta vel við leikskóla og skóla

GÆTUM AÐ BÖRNUNUM
Í UMFERÐINNI



SÍÐUMÚLA 28
108 REYKJAVÍK
S:510-5100
WWW.ISMAR.IS

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2013

Fermingar í Garðasókn vorið 2013. Prestar í öllum athöfnunum eru sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og sr. Friðrik J. Hjartar.

Vidalínskirkja 16. mars kl. 10.30.

| | |
|------------------------------|------------------|
| Alexandra Petrea Micic | Goðheimum 23 |
| Alma Diljá Almarsdóttir | Stekkjjarflöt 15 |
| Andri Már Kristjánsson | Lyngmóm 9 |
| Bertha Sóley Sverrisdóttir | Ögurási 1 |
| Birna Katrín Gunnlaugsdóttir | Kaldakri 2 |
| Birta María Sigmundsdóttir | Línakri 1 |
| Bjarki Rúnar Sverrisson | Lynghólum 6 |
| Björn Breki Magnússon | Melhæð 1 |
| Bragi Aðalsteinsson | Smáraflöt 22 |
| Einar Örn Magnússon | Móaflöt 33 |
| Elín Eir Vésteinsdóttir | Holtsbúð 1 |
| Elína Dís Þorgeirsdóttir | Dalsbyggð 1 |
| Elísabet Arnþórsdóttir | Hvannakri 10 |
| Emelía Ýr Atladóttir | Eyrarholti 16 |
| Grímur Valdimarsson | Rjúpnahæð 4 |
| Gunnar Ísak Snorrason | Brekkubyggð 53 |
| Gunnbjörn Gunnarsson | Lyngmóm 9 |
| Hekla Mist Valgeirsdóttir | Ægisgrund 15 |
| Jakob Freyr Sveinsson | Ásbúð 62 |
| Jakob Tumí Ísdal | Stekkjjarflöt 11 |
| Jökull Elí Borg | Sunnuföt 23 |
| Kristín Sif Sigsteinsdóttir | Hæðarbyggð 26 |
| Kristján Birgir Gylfason | Hraunhólum 19 |

Garðakirkja 16. mars kl. 13.00.

| | |
|----------------------------|----------------|
| Árni Fannar Friðriksson | Vattarási 8 |
| Birgir Steinn Jónsson | Hvannakri 8 |
| Brynja Lind Smáradóttir | Faxatúni 3 |
| Davíð Laufdal Arnarsson | Tunguási 3 |
| Ingólfur Sigurðsson | Haukanesi 12 |
| Ingunn Anna Kristinsdóttir | Þrastarlundi 5 |
| Jón Gunnar Hannesson | Dalsbyggð 5 |
| Jón Kristinn Örnólfsson | Kaldakri 4 |
| Lára Sif Davíðsdóttir | Brúnási 17 |
| Lovísa Huld Friðriksdóttir | Vattarási 8 |
| María Sól Jakobsdóttir | Löngufit 7 |
| Ólafur Hálfðan Pálsson | Bæjargili 73 |
| Sólon Baldvin Baldvinsson | Sunnakri 5 |
| Svava Lilja Sigurðardóttir | Kjarrmóm 3 |
| Þórdís Ragna Ragnarsdóttir | Eikarási 3 |

Garðakirkja 16. mars kl. 15.00.

| | |
|-------------------------------|--------------|
| Alexandra Rós Norðkvist | Lindarflöt 3 |
| Ásgeir Lúðvíksson | Löngufit 15 |
| Bergþóra Ósk Kristófersdóttir | Sunnuföt 36 |
| Daníel Þór Gestsson | Brúnási 2 |
| Emil Örn Árnason | Strandvegi 8 |
| Gunnar Helgi Hálfðanarson | Kjarrási 12 |
| Jan Getz Jóhannsson | Hörgslundi 9 |
| Róbert Snær Harðarson | Asparlundi 2 |
| Sebastían G. A. Vignisson | Arnarási 4 |
| Sigríður Erna Hafsteinsdóttir | Lyngmóm 11 |
| Sunna María Jóhannsdóttir | Kjarrmóm 39 |
| Urður Helga Gísladóttir | Móaflöt 39 |

Garðakirkja 17. mars kl. 10.30.

| | |
|-----------------------------|---------------|
| Aron Ásmundsson | Hraunási 12 |
| Árni Bjarnsteinsson | Löngufit 16 |
| Erlendur Ólafsson | Súlunesi 18 |
| Gissur Karl Vilhjálmsson | Eyktarhæð 3 |
| Heba Sólveig Heimisdóttir | Brekkuási 5 |
| Jasmín Ragnarsdóttir | Smáraflöt 6 |
| Kári Þráinsson | Sunnuföt 11 |
| Magnús Andri Ólafsson | Markarflöt 53 |
| Ragnheiður Sóllilja Tindsd. | Ljósakri 15 |
| Róslind Antonsdóttir | Bæjargili 66 |
| Sara Björk Vilhjálmisdóttir | Sigurhæð 9 |
| Tanja Dís Magnúsdóttir | Hraunbrún 14 |
| Tómas Páll Pálsson | Markarflöt 12 |

Vidalínskirkja 17. mars kl. 13.00.

| | |
|-----------------------------|----------------|
| Alexander Fannar Ágústss. | Straumsalir 3 |
| Apríl Mist Ákadóttir | Krókamýri 80 |
| Arnar Atli Hannesson | Ásbúð 63 |
| Bergur Máni Björnsson | Hagaflöt 3 |
| Björg Axelsdóttir | Sjávargrund 5b |
| Elísa Kristjánsdóttir | Hlíðarbyggð 39 |
| Freydís Jara Þórsdóttir | Bæjargili 48 |
| Guðlaug Vala Kjartansdóttir | Krókamýri 78 |
| Guðmundur Bjarki Sigurðss. | Mánabraut 4 |
| Gunnlaugur H. Stephensen | Súlunesi 21 |
| Hákon Máni Indriðason | Tjarnarflöt 1 |
| Helga Guðrún Sigurðardóttir | Súlunesi 3 |
| Jökull Nökkvason | Móaflöt 18 |
| Lilja Bragadóttir | Víðíási 4 |
| Markús Már Halldórsson | Sjávargrund15b |
| Tinna Þuríður Tómasdóttir | Góðakri 4 |
| Vignir Snær Norðdahl | Dalsbyggð 18 |

Vidalínskirkja 23. mars kl. 10.30.

| | |
|-------------------------------|-----------------|
| Agla Geirlaug Aradóttir | Hlíðarbyggð 16 |
| Alexandra Rán Viðarsdóttir | Furugrund 60 |
| Andri Jarron | Bæjargili 38 |
| Anna Guðný Ingvarsdóttir | Ásbúð 69 |
| Anna María Petersen Ævarsd. | Smáraflöt 1 |
| Arnar Snær Þórsson | Hallakri 2b |
| Aron Snær Garðarsson | Bakkaföt 5 |
| Benedikt Einarsson | Hrísmóm 7 |
| Bergþóra Karlsdóttir | Marargrund 2 |
| Bertha Lena Sverrisdóttir | Löngumýri 24a |
| Birna Lind Björnsdóttir | Hátúni 11 |
| Bjarki Snær Bjarnason | Dalsbyggð 14 |
| Bjarni Haukur Bjarnason | Reynilundi 8 |
| Davíð Einar Ingólfsson | Bæjargili 80 |
| Guðrún Lóa Sverrisdóttir | Kjarrmóm 36 |
| Haukur Angelo Pitzalis | Hnoðravöllum 15 |
| Hildur Þórarinsdóttir Blöndal | Holtsbúð 89 |
| Ísold Eygló Snæbjörnsdóttir | Hvannalundi 15 |
| Jón Alex Pétursson | Holtsbúð 51 |
| Jökull Snær Normann | Ægisgrund 8 |
| Kristófer Hergils Hilmarsson | Bakkaföt 9 |

| | |
|------------------------------|--------------|
| Matthildur Lilly Valdimarsd. | Sandprýði 2 |
| Ragnheiður Tómasdóttir | Borgarási 2 |
| Sigurlaug Rán Stefánsdóttir | Jafnakri 2 |
| Tara Mist Bjarkadóttir | Hegranesi 15 |
| Ægir Örn Kristjánsson | Stórakri 6 |

Garðakirkja 23. mars kl. 13.00.

| | |
|------------------------------|---------------|
| Anna Ólöf Jansdóttir | Hæðarbyggð 19 |
| Daníel Óskarsson | Bæjargili 16 |
| Hafdís Katrín Hlynsdóttir | Hörgatúni 13 |
| Heiðrún Dóra Friðriksdóttir | Löngufit 5 |
| Ingibjörg Einarsdóttir | Sunnuföt 2 |
| Júlía Hrafnisdóttir | Hagaflöt 22 |
| Júlía Ösp Bergmann Helgad. | Ljósumýri 1 |
| Kristjana S Kristjánsdóttir | Löngulínu 2 |
| Kristófer Ingi Kristinsson | Espilundi 5 |
| Máni Huginsson | Greniási 1 |
| Óttar Alexandersson | Hjálmakri 7 |
| Rut Aradóttir | Ásgarði 2 |
| Sara Hlín Henriksdóttir | Smáraflöt 18 |
| Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir | Aratúni 6 |
| Telma Sól Hall | Eikarási 15 |

Garðakirkja 24. mars kl. 13.00.

| | |
|------------------------------|---------------|
| Arnar Helgi Elmarsson | Hæðarbyggð 7 |
| Brynhildur Hermannsdóttir | Asparlundi 7 |
| Dagur Hringsson | Holtsbúð 97 |
| Egill Agnar Októsson | Kjarrási 9 |
| Elín Guðmundsdóttir | Asparlundi 19 |
| Helgi Snær Agnarsson | Löngumýri 18 |
| Júlía Kolbrún Sigurðardóttir | Lerkiási 8 |
| Kamilla Rut Björgvinsdóttir | Mávanesi 6 |
| Klara Hjartardóttir | Goðatúni 24 |
| Kolbrún Björnsdóttir | Birkiási 20 |
| Kolbrún Þöll Þorradóttir | Lyngprýði 4 |
| María Theódóra Jónsdóttir | Fögruhæð 3 |
| Ragnar Loki Ragnarsson | Bæjargili 49 |
| Sara Hlín Bjarnadóttir | Birkiási 27 |
| Thelma Sif Jónsdóttir | Arnarási 16 |

ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum

há Vífli

Panta skal í síma 1446

eða á www.postur.is





TIL HAMINGJU MEÐ FERMINGUNA!

Póstlistinn minn heldur utan um heimilisföng boðsgestanna á þægilegan hátt þegar þú þarft að bjóða í fermingar. Þú getur líka hannað **persónulegt boðskort** og sent það með skemmtilegu **persónulegu frímerki** sem setur punktinn yfir i-ið.

Fyrir fjarstadda aðstandendur eru **persónuleg skeyti** sniðug leið til að slá í gegn hjá fermingarbarninu með ljósmynd úr eigin myndasafni. Við mælum sérstaklega með því að senda fermingarbörnum myndir af þeim sjálfum.



Fermingu

Þér/lykkur er boðið í ferminguna mína þann 5. Athöfnin fer fram í Digr klukkan 11.00. Að þess verður boðið til veislu í veislu

Hlakka til að sjá



SKEYTI

okkar

Við sendum þér innilegar hamingjuóskir með fermingardaginn. Megi þér farnast vel í framtíðinni.

Dóri og Lauga





Föstudaginn 24. ágúst héldu rekka- og róverskátar ásamt elztu dróttskátum og fararstjórum alls 15 manns til Vestmannaeyja en þessi „Wunderbar Vestmannaeyjaferð“ eins og hún var kölluð hafði staðið til í um þrjú ár og var því tími til kominn til að láta af henni verða. Þess má til gamans geta að önnur ferð sem staðið hefur til jafnlengi er „Euroshopper“ ferðin svokallaða en vonandi verður hægt að greina frá henni í næsta tölublaði.

Lagt var upp frá Jötunheimum um kvöldmatarleytið og ekið (með kvöldmatarstoppi á Kentucky Fried Chicken á Selfossi) að Landeyjahöfn til að ná Herjólfri

kl. 22:00. Tjaldað var á tjaldstæðinu við íþróttavöllinn í Vestmannaeyjum í roki og myrkri en þó var úrkomulaust sem auðveldaði málið. Það breyttist heldur betur um nóttina en þá gerði hið mesta úrhelli sem hélzt svo til alla dvölinu í Eyjum.

Engu að síður var Heimaey skoðuð hátt og lágt á laugardeginum en helztu viðkomustaðir voru Stórhöfði þar sem vitinn og veðurstöðin voru skoðuð og baðkarið fræga sem Guðlaugur Friðþórsson fékk sér vatn að drekka eftir sundið árið 1984. Afrekið sem fjallað er um í kvikmyndinni „Djúpið“. Gengið var á



Eldfell og „Pompeii norðursins“ skoðuð en þar stendur yfir uppgröftur húsa sem grófst undir ösku í gosinu árið 1973. Eftir léttan hádegisverð var Sprangan heimsótt þar sem þeir fengu að spreyta sig sem vildu. Tekinn var sundsprettur í Sundlaug Vestmannaeyja sem er hin glæsilegasta. Hátíðarkvöldverður var snæddur á 960 Grill þar sem flestir prófuðu hinn margrómaða humarhamborgara. Eftir matinn var Herjólfsdalur heimsóttur þar sem aparólan var prófuð þótt vissulega megi deila um hversu skynsamlegt það sé eftir hátíðarkvöldverð. Að lokinni eftirréttarferð í nálæga ísbúð endaði kvöldið síðan á Awesome leiknum svokallaða í íþróttahúsinu.

Stytt hafði upp á sunnudagsmorgninum þ.a. hægt var að fara á Segway leiguna (La Tienda) og bruna um bæinn á Segway hjólum. Að því loknu var haldið með Herjólfri í Landeyjahöfn og þaðan heim á leið. Var almennt mál manna að ferðin hefði heppnast í alla staði vel þrátt fyrir að veðrið hefði mátt vera ívið betra.

Ólafur Patrick Ólafsson
Sveitarforingi



Skátafélögin í Garðabæ Vífill og Svanir héldu sameiginlegan stjórnarfund 29. janúar sl. Fundinn sátu stjórnir og starfsmenn beggja félaganna. Vífill og Svanir eiga sögu um gott samstarf og þannig mun það vera áfram og eflast eftir sameiningu sveitarfélaganna. Félögin eru álíka stór og engin ástæða til þess að sameina þau. Garðabær er nú eina sveitarfélagið utan Reykjavíkur sem getur státað af tveimur öflugum skátafélögum.

Á fundinum kynntu félögin starfsemi sína og fóru yfir hvaða verkefni henta best til að auka samstarfið. Má þar nefna foringjaþjálfun og námskeið, sameiginlega dagskrárviðburði, gagnkvæmar heimsóknir og ýmislegt fleira. Skátar úr Vífli munu heimsækja Álftanesið og kynnst þar umhverfi og náttúru og svo öfugt. Nú þegar hefur skapast sú hefð að samstarf er talsvert á milli félaganna í sumarstarfinu og er t.d. búnaður lánaður á milli eftir því hvernig stendur á. Stjórnir félaganna ræddu þann möguleika að stækka fermingarblaðið og bera það líka út á Álftanesið og ákveðið var að skoða það betur fyrir næsta vor. Fyrsta sameiginlega verkefnið var skemmtilegur skátadagur



laugardaginn 23. febrúar sl. Þegar Svanir héldu upp á 30 ára afmæli sitt og buðu Vífli til dagskrár í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi. Þar reyndu skátar sig í ýmsum skátaíþróttum s.s. kassaklifri og stultugangi. Vífill færði Svönunum „innanhuús -varðeld að gjöf í tilefni afmælisins. Segja má að með auknu

samstarfi félaganna gefist tækifæri til þess að efla þau bæði um leið og við eflum félagsauðinn í Garðabæ.

*Hafdís Bára Kristmundsdóttir
félagsforingj Vífils.*

Myndir frá Landsmóti skáta



Sumarnámskeið Vífils

Sumarnámskeið Vífils eru alltaf jafn fjölbreytt spennandi og skemmtileg! Börnum frá 5-14 ára gefst tækifæri til að fá nasapef af skátastarfi og prófa ýmislegt sem þau hafa ekki kynnst áður. Vífill hefur haldið sumarnámskeið fyrir unga Garðbæinga undanfarinn aldarfjórðung við miklar og góðar undirtektir. Námskeiðin skiptast í þrennt eftir aldri:

Grallaranámskeið fyrir 5-6 ára

Útilífsnámskeið fyrir 7-9 ára

Ævintýranámskeið fyrir 10-12 ára

Hvert námskeið stendur í eina viku en margir taka tvær vikur í senn eða jafnvel fleiri. Á námskeiðunum er farið í ýmsar vettvangsferðir og má þar nefna hellaferðir,



hjólaferðir, bátasiglingar og á söfn. Auk þess er gjarnan farið í klettklifur og sig, dorgað á bryggjum höfuðborgarsvæðisins

og sérlega vinsælt er að poppa eða grilla sykurpúða yfir opnum eldi. Fastir liðir í hverri viku eru grillveisla og sundferð eða ferð í Nauthólvík. Þess á milli er farið í ýmsa leiki og má því með sanni segja að sjaldan sé róleg stund á sumarnámskeiðum Vífils. Umsjónarmenn sumarnámskeiðanna eru iðulega miklir reynsluboltar úr röðum skátafélagsins. Leiðbeinendur námskeiðanna hafa áralanga reynslu af skátastarfi bæði sem þátttakendur og leiðbeinendur. Þeir vinna markvisst af því að skapa jafn mikla og skemmtilega upplifun hjá ungum Garðbæingum á þessum námskeiðum og þeir upplifðu

sjálfir á árum áður. Að auki hefur Skátafélagið Vífill séð um smíðanámskeið fyrir 6-14 ára undanfarin ár. Þar geta börnin smíðað kofa, kassabíl, fuglahús eða annað sem þeim dettur í hug.

Markmið sumarnámskeiða Vífils er að ungir Garðbæingar fái tækifæri til að upplifa mikla útiveru, ævintýri og að prófa eitthvað nýtt og spennandi. Allir eru velkomnir og hvetjum við bæjarbúa til að fylgjast vel með þegar skráning hefst þar sem takmörkuð pláss eru á námskeiðin hverju sinni og aðsóknin mikil. Við hlökkum til sumarsins og komandi ævintýra og viljum hafa þIG með!



Dróttskátasveitin Fenris er fjölmenn sveit sem telur rúmlega 20 skáta á aldrinum 13-15 ára. Fundir dróttskátasveitarinnar eru á mánudögum klukkan 2000-2200 og fer þar ýmislegt fram. Sveitin skiptist í þrjá flokka sem vinna að verkefnum ýmist saman eða hver fyrir sig. Það er ýmislegt spennandi á dagskránni fyrir vorið en til dæmist verður farið í sveitarútilegu í byrjun mars sem enginn má missa af. Það er alltaf pláss fyrir fleiri skáta og hvetjum við alla áhugasama krakka á aldrinum 13-15 ára til að kíkja á fund!

Vor og sumar 2012

Í upphafi árs 2012 var farið í sveitarútilegu í skálann Þrist við Esjurætur. Vel var mætt í útileguna en nokkrir skátar mættu seinni part laugardags. Skátunum var ekið að Hrafnhólum og þaðan gengu þeir síðan með farangurinn sinn. Mikill snjór var sem bauð upp á skemmtilega dagskrá. Á laugardagskvöldi var haldin skemmtileg kvöldvaka. Á sunnudegi var síðan gengið að Gljúfrasteini og þangað voru allir sóttir. Helgina 20.-22. apríl var félagsútilega Vífils haldin á Úlfjótuvatni. Dróttskátar tóku þátt í henni sem og aðrir og fóru meðal annars í göngu í kring um Úlfjótuvatn spiluðu Ultimate Frisbee og skoðuðu stjórnurnar. Dagskrá vorannar var fjölbreytt og voru til skiptis haldnir flokksfundir og sveitarfundir. Á flokksfundum unnu flokkarnir að verkefnum eða fengu kennslu við hitt og þetta ásamt því að vinna að ákveðnu smíðaverkefni sem stóð yfir allt vorið. Einn flokkur smíðaði sér kistu, annar gerði kolla fyrir dróttskátaherbergið á meðan hinir gerðu kertastjaka og skjöld með merki sveitarinnar. Síðasta sveitarfund vorsins var



hjólað í Heiðmörk og var það fyrsta æfingaferð fyrir hjólaferð sveitarinnar á Landsmót um sumarið. Um sumarið var farið í fleiri og lengri æfingaferðir um allt höfuðborgarsvæðið og út fyrir það.

Á laugardagsmorgni þann 21. júlí hjólaði mestur hluti sveitarinnar á Þingvelli og þaðan á Úlfjótuvatn þar sem Landsmót skáta fór fram 20.-29. júlí. Dróttskátar fjölmenntu á mótið og tóku virkan þátt í dagskrá og voru duglegir að blanda geði við skáta úr öðrum félögum og frá öðrum löndum.

Haust 2012

Starfið hófst með vígslu á toppi Helgafells í blíðskaparveðri. Fundir voru með sama sniði og á vorönn þ.e. flokksfundir og sveitarfundir til skiptis. Fundarverkefni voru fjölbreytt m.a. sundferðir, leðurvinna

vangaveltur um frið, saumaverkefni, fánaathafnir og vísindakynning svo eitthvað sé nefnt. Starfinu var slitið fyrir jólahátíðina með árlegri Piparkökuhúsaskreytingakeppni Ds. Fenris. Dróttskátar voru duglegir að sækja mót og viðburði utan vikulegra funda og tóku meðal annars þátt í nokkrum Flokkaförum, Saman, Smiðjudögum og Friðarþingi. Einnig fjölmenntu dróttskátar í Félagsútilegu Vífils 16.-18. nóvember. Einn dróttskáti fékk inngöngu í Crean vetraráskorun sem haldin er af Bandalagi íslenskra skáta í samstarfi við írska skáta og fer fram í febrúar 2013.

*Hildur Hafsteinsdóttir
og Hjálmar Örn Elísson Hinz
sveitarforingjar*

Komdu í skátana!

Fundatímar:

Drekaskátar (7-9 ára) þriðjudaga 17.00 – 18.30

Fálkaskátar (10-12 ára) stúlkur og drengir miðvikudaga 17.00 – 19.00

Dróttskátar (13-15 ára) mánudaga 20.00 – 22.00

Rekkaskátar (16-18 ára) fimmtudaga 20.00 – 22.00

Skráning á www.vifill.is. Félagsgjöld eru innheimt tvisvar á ári og hægt er að nýta hvatapeningana á móti þeim.

Landsmót skáta 2012

Þriðja hvert ár hittast íslenskir skátar til skiptis á Úlfljótsvatni og á Hömrum á Akureyri, slá upp tjaldbúð og skemmta sér ærlega í heila viku. Skátafélög frá öllum landshlutum koma saman á Landsmóti auk þess að fjöldi erlendra skáta koma til Íslands til að taka þátt í mótinu hvert sinn.

Landsmót skáta sumarið 2012 var haldið á Úlfljótsvatni dagana 20.-29. júlí og var mótið sérstaklega tileinkað 100 ára afmæli íslensku skátahreyfingarinnar. Þema mótsins var „Ævintýrið heldur áfram“ og var dagskrá mótsins innblásin af síðustu fjórum landsmótum. Dagskráin skiptist í fjögur dagskrárþorp:

Álfar og tröll - Boðið var upp á ýmsar ferðir út fyrir mótssvæðið, m.a. hjólaferðir í kring um Úlfljótsvatn, ýmsar fjallgöngur og göngur upp í Reykjadal þar sem hægt var að baða sig í heitum lækjum.

Leiktu þitt lag - Skapandi smiðjur þar sem hægt var að gefa sköpunargleðinni lausan tauminn með því að spila á hljóðfæri, mála listaverk á blöð eða líkama sinn, búa til vinabönd, gera mósaíkmyndir og gríðarlega margt fleira.

Á víkingaslóð - Smiðjur innblásnar af víkingatímanum þar sem boðið var upp á heilgrillað lamb, ullarþæfingu, tálgun og



ýmiss konar járn- og leðurvinnu þar sem hægt var að búa sér til allt frá skartgripum til farsímahulsturs.

Orka jarðar - Fjörugt dagskrárþorp þar sem vinsælast var að fara í kröftugan vatnsbyssuslag og þrila í þrautabraut í vatnasafaríi. Einnig var boðið upp á ýmsa íþróttaleiki og forvitnilegar rafmagns-smiðjur.

Skátafélagið Vífill fór með stóran hóp

skáta á mótið, en hópurinn taldi 51 skáta. Einnig voru á mótinu stjórnarmeðlimir félagsins auk fjölskyldna og aðstandenda skáta sem gistu í svokölluðum fjölskyldubúðum, en þar gafst t.d. drekaskátum tækifæri til að upplifa landsmót. Víflar stóðu sig með sóma á mótinu, voru duglegir að taka þátt í dagskrá og að blanda geði við skáta úr öðrum félögum sem og erlenda skáta.

Landsmótið hófst með setningu í hellirigningu þar sem kom sér vel að eiga góðan pollagalla. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði skáta mótsins og lofaði erlendum skátum að veðrið myndi skána. Við lok setningar kom Páll Óskar fram við mikla ánægju allra og dunaði dansinn langt fram eftir kvöldi. Líkt og forsetinn lofaði hlýnaði í veðri og stytta upp, sólin lét á sér kræla og suma daga mótsins mátti sjá skátana spóka sig í sólbaði.

Laugardagurinn 28. júlí var sannkallaður hátíðardagur á Landsmóti skáta. Öll skátafélög opnuðu tjaldbúð sína og buðu upp á þrautir eða annars konar skemmtun. Erlendir skátar voru margir með kynningu á heimalandi sínu og menningu þess. Opnið var fyrir heimsóknir á mótssvæðið og fylltist allt af fólki, enda veðrið sérlega gott þann daginn. Um kvöldið bauð Skátafélagið Vífill öllum Garðbæingum í grillveislu og var því þröngt á þingi í tjaldbúð Vífla, en afar skemmtilegt. Að kvöldverði loknum var stór og fjölmenn hátíðarkvöldvaka og mótsslit þar sem





veittar voru viðurkenningar fyrir góða frammistöðu á mótinu. Skátafélagið Vífill fékk viðurkenningu fyrir góða hegðun og þróðmennsku við kyrrð á kvöldin. Félagið fékk einnig viðurkenningu fyrir að búa yfir besta hvatningar- og klappliði mótsins á Björgunarleikum þar sem keppt var í

ýmsum þrautum sem verða á vegi Björgunarsveita. Að kvöldvöku lokinni héldu Ingó og Veðurguðirnir uppi gríðarlegu stuði á dansleik sem stóð fram á nótt. Daginn eftir var tjaldbúðin tekin niður og öllu pakkað ofan í tösku og í rútur. Þreyttir en sællegir og ánægðir

skátar börðust við að halda augunum opnum í rútuferðinni heim á meðan þeir rifjuðu upp undanfarna viku og ævintýrin sem hún innihélt.

Hildur Hafsteinsdóttir



Ný sýn – sömu gildin Hvað er skátastarf?

Skátastarf er uppeldis- og aðferðafræði sem notuð er í skipulögðu frístundastarfi barna og ungmenna sem það kjósa, ætlað til að ná skilgreindum og skýrum markmiðum sem skátar um alla veröld eru sammála um að séu mikilvæg.

Til hvers velur þú skátastarf fyrir barnið þitt?

Meginmarkmið skátastarfs er að bæta heiminn með því að gera einstaklinga samfélagsins hæfari eða eins og við segjum "Við stefnum að því að gefa börnum og ungmennum tækifæri og umgjörð til að þjálfra sig í að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélagsinu og leiðtogar í eigin lífi." Það gerum við með því að stunda skátastarfið eftir vel skilgreindri aðferð sem við köllum skátaaðferðina, en hún er einstaklingsmiðuð aðferð sem hvílir á gildagrundi sem rammar inn starfið. Með því að hvetja barnið þitt til að stunda skátastarf ert þú um leið að hvetja það að gangast undir það að gera þetta háleita markmið skátahreyfingarinnar að sínu.

Spennandi ævintýri með skýr uppeldismarkmið

Barnið tekur þátt í ævintýri, en hinir fullorðnu sem, vinna með og í kringum barnið, vinna eftir skýru uppeldis- og aðferðafræðikerfi, Skátaaðferðinni, sem



hvílir á skýrum gildagrundi. Kerfið er mjög vel skilgreint og þróað í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga á sviði uppeldismála. Sveitarforingjar hafa aðgang að gæðastuðningsefni og þjálfun í aðferðinni, sem gerir þeim auðvelt fyrir að vinna á markvissan hátt eftir skátaaðferðinni þrátt fyrir að vera sjálfbóðaliðar og ekki endilega sérmenntaðir á annan hátt í uppeldismálum. Margir hafa mikla og góða reynslu af að vinna með börnum í skátastarfi án þess að hafa þegið fyrir það laun önnur en þá ánægju sem því fylgir að

vinna með börnum. Það má einnig segja að sé ákveðin sérstaða innan þess starfs sem býðst börnum í tómstundum þeirra.

Hvað gera skátar

Skátar hittast almennt vikulega á fundum og vinna í hópastarfi að margþættum verkefnum, taka þátt í útlífi og alþjóðlegu skátastarfi. Hvort sem það er gönguferð, varðeldur, næturleikur, hellaferð, ging gang gulli gulli, hnútakennsla, tjaldútilega, skátaheiti, útiildun, skátastarf á Netinu, ríkk tikk ríkka tikk tikk, fánaathöfn, skálaskoðun, skátamerki, skátavígsla eða kakó og kex þá er það ómissandi þáttur af skátastarfinu.

Hvernig get ég orðið skáti?

Best er að ganga til liðs við skátana að hausti því þá auglýsa þeir sérstaka innritunardaga. En að sjálfsögðu getur þú byrjað á öðrum árstímum. Ekki gleyma að þú þarft leyfi frá foreldrum þínum til þess að taka þátt í skátastarfi líkt og öðru tómstundastarfi. Nánari upplýsingar á www.vifill.is. Fundartímar skátasveita eru birtir hér í blaðinu og þér er velkomið að mæta á tvo fundi til þess prófa og sjá hvort að skátastarfið er einmitt það sem hentar þér.

Byggt á efni frá BÍS



Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Leifsdóttir

TANNLÆKNAR

Garðatorg 7

Áslaug Óskarsdóttir - 565-9080

Guðrún Jónsdóttir - 565-9070

Úlfhildur Leifsdóttir - 565-9077



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680



TÖLVUMIÐLUN
www.tolvumidlun.is



Vertu ískaldur
og gefðu
Gjafakort sem
gleður

ÍSBÚÐIN
KJÖTIS
KRINGLUNNI · SMÁRALIND · GARÐABÆ
www.isbud.is

Kringlunni, Smáralind & Garðabæ



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra!

Blómabúðin Sóleyjarkot

Sími 546-1720 Garðatorgi

Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár

- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur



FERLI
www.ferli.is



Við bjóðum góðar fram tíðarhorfur

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur og frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Framtíðarreikningur ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúi Íslandsbanka í Garðabæ.

Leggðu fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning

Þeir sem leggja fermingarpeningana sína, 30.000 kr. eða meira, inn á Framtíðarreikning Íslandsbanka geta fengið **5.000 kr. í mótframlag** inn á Framtíðarreikninginn sinn.*

*Eitt framlag fyrir hvert fermingarbarn

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Íslandsbanki